

Sjávarborgarkirkja



Sjávarborgarkirkja, horft úr kór í framkirkju. GLH 1998.

Byggingarár: 1853.

Hönnuður: Guðjón Jónsson snikkari.ⁱ

Breytingar: Kirkjan flutt úr stað um 1930 og upp á Borgina 1974, sett á steinsteyptan sökkul og snýr framstafn hennar til suðurs.ⁱⁱ

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1972.ⁱⁱⁱ

Sett á fornleifaskrá 6. október 1972, en lagaheimild skortir sbr. II. og IV. kafla Þjóðminjalaga nr. 52/1969.^{iv}


Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.




Sjávarborgarkirkja er timburhús, 8,40 m að lengd og 4,22 m á breidd. Þakið er krossreist og lítill trékross upp af framstafni. Kirkjan er klædd tjörguðu slagpili og rennisúð og stendur á steinsteyptum sökkli. Á hvorri hlið kirkju eru tveir póstagluggar með tveimur þriggja rúðu römmum, fjögurra rúðu gluggi er ofarlega á hvorum stafni og einn í kvisti á austurhlið þaks. Fyrir kirkjudyrum eru vængjahurðir til hlífðar spjaldsettri hurð.

Inn af dyrum er gangur inn kirkju og bekkir hvorum megin hans. Lágt kórþil klætt póstaþili er á mörkum framkirkju og kórs. Í kórdyrum eru kórstafir upp undir þverbita. Prédikunarstóll er framan kórþils austan megin undir kvistglugga. Veggbekkir eru umhverfis í kór að altari. Klukka hangir í ramböldum á klukkustól í fremsta stafgólfi framkirkju. Veggir eru klæddir póstaþili og þverbitar eru yfir framkirkju og kór. Yfir kirkju er loft opið upp í rjáfur, klætt skarsúð á sperrur. Kirkjan er ómáluð að innan.



Sjárborgarkirkja, horft úr kór í framkirkju. GLH 1998.





Sjávarborgarkirkja, þverskurður, langskurður, grunnmynd og útlit. Teikningar arkitektanna Grétars Markússonar og Stefáns Arnar Stefánssonar.

ⁱ ÞÍ. Biskupsskjalasafn C. V, 171 B. ÁRTAL Byggingarreikningur Sjávarborgarkirkju með fylgiskjöllum;

ⁱⁱ Kristmundur Bjarnason. *Sauðárkróskirkja og formæður hennar*. Akureyri 1992; Þórir Stephensen. Formæður Sauðárkróskirkju. *Tindastóll* 3.-4. tbl. 1960; *Kirkjur Íslands* 5, Sauðárkróskirkja, 235-245. Reykjavík 2005.

ⁱⁱⁱ Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns.

